

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	sorphirðugjald, kr.		10.350
B) Fyrirtæki	urðunargjald, kr.	sorphreinsigjald, kr.	samtals, kr.
Flokkur 1	187.450	432.400	619.850
Flokkur 2	158.700	172.500	331.200
Flokkur 3		115.000	115.000
Flokkur 4		87.400	87.400
Flokkur 5		36.800	36.800
Flokkur 6		20.700	20.700
Flokkur 7		10.350	10.350

Jarðir með greiðslumark 100 – 700 ærgildi greiði samkvæmt 7. fl.

Jarðir með greiðslumark yfir 700 ærgildi greiði samkvæmt 6. fl.

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki sem annast alla hirðingu og flutning sorps á förgunarstað.

Þeir bændur sem gera samning um hirðingu á baggaplasti við viðurkennda endurvinnslu-aðila fá 50% afslátt af sorphirðugjaldi vegna búrekstrar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem saminn er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Samþykkt á fundi umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar 2. nóvember 2005.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Dalvíkurbyggðar 24. nóvember 2005.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar 6. desember 2005

Dalvík, 6. desember 2005.

Valdimar Bragason bæjarstjóri.